

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2026

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 56 mkr. á árinu 2026. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 93 mkr.

Tekjur:

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 1.772,2 mkr. og hækka um 11,3 mkr. milli ára frá fjárhagsáætlun 2025. Þjónustudaggjöld eru áætluð 1.705,5 mkr. og hækka um 84,4 mkr. frá fjárhagsáætlun 2025 eða um 5,2%.

Breyting á einingaverði þjónustudaggjalda milli ára er byggt á verðlags- og launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2026 og breytingum á RAI þyngdarstuðli Höfða.

Gert er ráð fyrir að þjónustudaggjöld vegna dagdvalar hækki um 3,68 % milli ára.

Gjöld:

Varðandi gjaldahlið fjárhagsáætlunar, þá er byggt á verðlagsforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu, auk þess sem tekið er tillit til breytinga á rekstri heimilisins varðandi áætlun á einstaka gjaldalykla.

Laun og launatengd gjöld nema 1.563 mkr. og hækka um 169 mkr. eða um 12% frá fjárhagsáætlun 2025. Laun og launatengd gjöld eru áætluð út frá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hverja deild fyrir sig. Launabreyting milli ára er áætluð út frá kjarasamningsbundnum hækkunum sem nema 3,5% frá 1. apríl 2026 (að lágmarki 27.350 kr.) og tímabundnu viðbótarstöðugildi á skrifstofu.

Annar rekstrarkostnaður nemur 269,6 mkr. og hækkar um 1,7 mkr. eða um 0,6%.

Gert er ráð fyrir 8,5 mkr. framlagi til almenns viðhalds á húsnæði Höfða í fjárhagsáætlun 2026 og er það lækkun um 6,5 mkr. milli ára.

Afskriftir fastafjármuna nema um 30,5 mkr. og lækka um rúmar 2 m.kr. frá fjárhagsáætlun 2025.

Fjármagnsliðir:

Fjármagnsliðir nema nettó 3,7 mkr. og hækka um 49,6 m.kr. frá fjárhagsáætlun 2025

Sjóðstreymi:

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að handbært fé til rekstrar nemi 9,8 mkr.

Fjármögnunargreyfingar nema 41,8 m.kr. og er þar um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins upp á 38,5 mkr.

Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um 51,5 m.kr. og að handbært fé í árslok 2026 nemi 115 mkr.

Akranesi, 24. október 2025

Valdís Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri